

Reykjavík, 17. mars 2026

Nefnda- og greiningasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðja – Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Bls. | 1

## **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um endurskoðun tollameðferðar á matvælum, beiting öryggisákvæðis EES og tímabundin lækkun virðisaukaskatts af matvælum**


Hinn 25. nóvember síðastliðinn var lögð fram þingsályktunartillaga um endurskoðun tollameðferðar á matvælum, beitingu öryggisákvæðis EES og tímabundna lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Þingsályktunartillagan hefur verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, hér eftir nefnd samtökin, og þykir ástæða til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Samtökin telja ekki þörf á frekari tollahækkunum en fyrir liggur að tollvernd á matvöru er þegar mjög há hér á landi samanborið við Evrópusambandið. Líkt og fram kemur í [greinargerð](#) samtakanna um virka tolla af svínakjöti, alifuglakjöti, eggjum og afskornum blómum í tengslum við umsögn samtakanna um breytingar á búvörulögum eru almennir tollar af fyrrnefndum vörum umtalsvert hærri hér á landi en tíðkast í Evrópusambandinu.


Samtökin telja að aðgerðir til að efla stöðu framleiðenda megi ekki koma niður á hagsmunum neytenda, meðal annars í formi hærra vöruverðs, lakari vörugæða eða takmarkaðra framboðs. Þau sjónarmið eiga við í þessu tilfalli enda má gera ráð fyrir að hærri tollar dragi úr samkeppnisþrýstingi og auki kostnað við innflutning sem að jafnaði birtist í hærra vöruverði sérstaklega á mörkuðum þar sem samkeppni er þegar takmörkuð.

Í þessu samhengi vilja samtökin einnig benda á, líkt og fram kom í fyrrnefndri greinargerð, að arðsemi í ákveðnum landbúnaðargreinum, mæld sem hagnaðarhlutfall og arðsemi eiginfjár, er hærri en í viðskiptahagkerfinu í heild sinni.

Á meðfylgjandi mynd má sjá að hagnaðarhlutfall var hærra í tilviki svínaræktunar, alifuglaræktunar og eggjaframleiðslu en í viðskiptahagkerfinu í heild sinni árið 2024. Þá var arðsemi eigin fjár umtalsvert hærri í tilviki blómaræktunar, alifuglaræktunar, slátrunar og vinnslu á alifuglakjöti, svínaræktunar og eggjaframleiðslu en í viðskiptahagkerfinu í heild sinni árin 2023 og 2024. Mögulega endurspeglar hluti af arðseminni takmarkað samkeppnisaðhald frekar en eingöngu skilvirkni. Sé það raunin kemur tollverndin að einhverju leyti fram í hærra verðlagi til neytenda og dregur úr hvötum til hagræðingar og nýsköpunar en hjá rekstraraðilum í opnara samkeppnisumhverfi.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Samtökin velta því frekar upp hvort hið opinbera ætti að taka þá mikla tollvernd sem er hér á landi til endurskoðunar með það að markmiði að efla samkeppni og draga úr verðbólguþrýstingi.

Að lokum vilja samtökin vara við fjölgun virðisaukaskattsþrepa. Samtökin leggja áherslu á að virðisaukaskattkerfið sé eins einfalt og skilvirkt og kostur er. Fjölgun þrepa felur að jafnaði í sér aukið flækjustig, hærrí kostnað við utanumhald og aukna áhættu á mistökum hjá bæði fyrirtækjum og skattyfirvöldum.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson  
framkvæmdastjóri